

## Dagur hinna villtu blóma 2012

Í tilefni dags villtra blóma þann 17. júní 2012 var ákveðið að kanna reitinn 715535 sem er 5x5 km. Lagt var af stað klukkan 9:30 frá Miðhúsum, farið yfir Miðhúsaá á göngubrú og gamla veginum fylgt að Eyvindará og þaðan farið ofan í Taglarétt, forna skilarétt Framleiðapingármanna fyrir fé úr "Dölunum" samkvæmt Búkollu. Þaðan var slóða fylgt að Dalhúsarvegi og gengið í jaðri skógarins að Sellæk og Miðhúsaánni síðan fylgt til baka að brúnni og komið í Miðhús á hádegi.

Tíu manns mættu auk Skarphéðins er leiddi hópinn. Þorsteinn bóndi á Unaósi skráði greindar tegundir. Fyrir voru þekktar 121 tegund í reitnum og af þeim sáum við rúman helming (67) en fundum til viðbótar 31 tegund (sjá meðfylgjandi lista).



Reiturinn 715535 austan Egilsstaða á Miðhéraði.



Þátttakendur í blómaskoðun á degi hinna villtu blóma við Miðhúsaá 17. júní 2012.





Við nánari skoðun voru hár á blaðstilkum greinilega útstæð og því hér um hlíðamaríustakk að ræða.



Komið til baka um hádegi eftir ánægjulega blómaskoðun með góðu fólki á góðum degi.